



Hreppsnefnd 13.12.07

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 13. des. 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 30. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 30. nóv. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 7. des. sl
Fundargerð hafnarnefndar frá 7. des. sl. lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 12. des. sl.
Fundargerð fræðalunefndar frá 12. des. sl. dreift og hún lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 30. nóv. sl.
Fundargerð byggingarnefndar lögð fram.
Fundargerðin síðan samþykkt.

5. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta – Síðari umræða-
Sveitarstjóri lagði fram breytingartillögur við tillögu að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2008, sem lögð var fram til fyrri umræðu í hreppsnefnd 30. nóvember sl. Jafnframt lagði hann fram nýtt rekstraryfirlit, sjóðstreymi, áætlaða efnahagsreikninga og reksstrarreikninga að teknu tilliti til þeirra breytinga sem upp eru taldar í fyrirliggjandi breytingaskjali. Ennfremur lagði hann fram sundurliðun á þeim fjárfestingum sem fyrirhugað er að ráðast í á næsta ári til frekari skýringar á fjárfestingarhreyfingum, sem fram koma í sjóðstreymisyfirliti áætlunarinnar.

Þá lagði sveitarstjóri fram greinargerð sína með fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta. Sveitarstjóri gerði grein fyrir öllum fyrirliggjandi gögnum og las upp meginhluta greinargerðar sinnar þar sem fyrirliggjandi áætlun er skýrð og hverjar eru helstu forsendur fyrir tekju- og gjaldahlíð hennar. Í greinargerðinni segir m. a.:

Við síðari umræðu fjárhagsáætlunar hér í dag kemur fram í rekstraryfirliti sveitarsjóðs, að heildartekjur aðalsjóðs eru 422,1 m.kr. og heildargjöld 351,1 m.kr. Laun eru alls áætluð 189.7 m.kr., almenn rekstrargjöld 155,6 m.kr. og fjármagnsgjöld nettó 5,7 m.kr. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti með talin. Rekstrarafgangur aðalsjóðs miðað við þetta er því 71,0 m.kr.

Í Eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði eins og skóla, leikskóla, íþróttahúss, ráðhúss og annarra eigna sem síðan eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekinn með 0,5 m.kr. hagnaði þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 12,9 m.kr. og 11,8 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast á í á árinu.

Í Þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar þ. e. launum, almennum rekstrargjöldum, ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en

leitast er við að selja vinnu hennar að mestu. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp í samræmi við verðlagsþróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er 5,7 m.kr. halli á miðstöðinni þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

Samkvæmt þessu er hagnaður A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 65,8 m. kr.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmisra grasa, en þeir eru Hafnarsjóður, Vatnsveita Leiguíbúðir almennar og félagslegar, Fráveita, Félagsheimili, Apótek, Arnarvatn og Skiphólmi.

Langstærstur þessara sjóða er Hafnarsjóður og er hann áætlaður með 4,5 m.kr. hagnaði, þegar tekið hefur verið tillit til 20,6 m.kr. fjármagnskostnaðar og 5 m.kr. afskrifta. Fjármagnsgjöld þessa sjóðs eru þetta há vegna mikilla framkvæmda sem sjóðurinn hefur staðið í á liðnum árum. Gert er ráð fyrir miklum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2008. Þess má geta að tekjur hafnarinnar hafa nær tvöfaldast á síðustu árum. Áfram er haldið í framkvæmdum við höfnina og er ráðgert að á árinu 2008 verði lokið við dýpkun hafnarinnar og jafnframt lokið við frágang lagna, lýsingar og þekju á hinni nýju viðlegu, en fengist hefur staðfest að fjárveitingar fáist á árinu 2008 til þessara verka frá ríkinu til samræmis við styrkhæfni framkvæmdanna.

Áfram verður unnið að styrkingu Vatnsveitu en á mörkunum er að hún geti sinnt skyldum sínum þegar illa árar hvað vatnsbúskap snertir, ennfremur hefur fundist verulega fyrir þrýsingsminnkun á veitukerfi þegar vinnsla uppsjávarafla er í hámarki. Unnið verður að viðhaldi leiguíbúða og fleiri mannvirkja svo sem félagsheimilis, íþróttahúss og Sundabúðar. Ráðgert er einnig að halda áfram í fráveituframkvæmdum í samræmi við heildaráætlun þeirra mála. Af Skiphólma hlýst töluverður fjármagnskostnaður enda er í raun eina verkefni hans nú að halda utan um lántökur vegna hlutafjárkaupa og hefur sterklega komið til greina að selja hlutabréf til þess m. a. að greiða upp skuldir Skiphólma. Að öllu þessu töldu er ráðgert að allir sjóðir í A -og B hluta verði samtals gerðir upp með 49,6 m. kr. hagnaði á árinu 2008. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta og annarra reiknaðra stærða að Veltufé frá rekstri verður 63,7 m. kr. og handbært fé frá rekstri verður samtals í A- og B hluta 78,7 m.kr.

Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 123,4 m.kr. nettó. Brúttó gerir áætlunin ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 333,6 m.kr. Á móti er ráðgert að fjármagna framkvæmdirnar með beinum framlögum að fjárhæð 210,2 m.kr., handbæru fé frá rekstri að fjárhæð 78,7 m.kr. og sölu eigna að fjárhæð 94 m.kr.

Í fjármögnunarhreyfingum er ráðgert að greiða niður lán um 64,1 m.kr., en á móti eru tekin ný lán að fjárhæð 20 m.kr. Áætlunin gerir því ráð fyrir því að engin lán séu tekin til þess að standa undir rekstri og öllum hinum viðamiklu framkvæmdum sem ráðast á í þar sem ný lántaka er mun lægri fjárhæð en sú sem greidd er niður.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok verði 19,4 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun A -og B- hluta sjóða fyrir árið 2008.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlanir A-og B-hluta sjóða Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2008 verði samþykktar við síðari umræðu hér í dag.

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Björn Halldórsson, f. h. minnihluta, óskaði eftir að fært yrði til bókar að minnihluti hreppsnefndar er einkar sáttur við vinnu fjárhagsáætlunar frá hendi sveitarstjóra og meirihluta. Margt væri jákvætt í viðhöfðum vinnubrögðum og minnihlutinn setti sig ekki á móti afgreiðslu áætlunarinnar.

Að umræðum loknum var fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ásamt breytingartillögum borin undir atkvæði.

Fyrirliggjandi áætlun samþykkt með 4 atkvæðum og 3 sátu hjá.

6. mál Fjárlög 2008, framlög til ýmisra verkefna.

Lagt fram yfirlit þar sem greint er frá þeim fjárveitingum sem eru í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2008 til mismunandi verkefna á Vopnafirði.

Hreppsnefnd fagnar þeim fjárveitingum sem þarna sjá dagsins ljós, þar sem ljóst má vera að þær liðka mjög fyrir margvíslegri félagastarfssemi á svæðinu.

7. mál. Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi bréf dags. 30. nóv. 2007, varðandi kjaraatriði.

Lagt fram bréf Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi frá 30. nóv. sl. varðandi ýmis kjaraatriði, tengd greiðslum sem átt hafa sér stað til slíkra starfsmanna á höfuðborgarsvæðinu.

Bréfið lagt fram til kynningar.

8. mál. Tilboð í eldra áhaldahús við Búðaröxl dags. 10. des. sl.

Lagt fram bréf tveggja aðila dags. 10. des. sl., þar sem þeir gera tilboð í gamla áhaldahúsið við Búðaröxl. Tilboðið er að fjárhæð 2.500 þús. kr. Áður en málið var kynnt af sveitarstjóra vék Ólafur K. Ármannsson af fundi.

Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að til staði að girða allt svæðið þar sem sorpvellir bæjarfélagsins eru og ennfremur það svæði sem þetta hús stendur á, ásamt því svæði þar sem vatnstankar sveitarfélagsins eru. Hugmyndin væri að nýta þetta hús til þeirrar starfsemi sem á þessu svæði væri fyrirhugað að vera með. Húsið væri því ekki á söluskrá.

Lögð var fram svofelld tillaga: “Um leið og þakkað er fyrir tilboð það sem hér er lagt fram í dag tilkynnist að viðkomandi hús er ekki til sölu að svo komnu máli. Verði sú stefna tekin verður húsið auglýst til sölu”.

Nokkrar umræður urðu síðan um málið.

Í framhaldi var fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

9. mál. Vegagerðin bréf dags. 23. nóv. sl., varðandi hraðahindrun á Kolbeinsgötu og aðrar umferðaröryggisbætur.

Lagt fram bréf Vegagerðarinnar frá 23. nóv. sl., varðandi hraðahindranir á Kolbeinsgötu og umferðarmerkingar. Bréfið er svar við margítrekuðum óskum forsvarsmanna sveitarfélagsins til þess að fá heimild til þess að setja hraðahindranir á Kolbeinsgötu og bæta umferðarmerkingar. Í bréfinu boðar Vegagerðin að hún vilji vinna með sveitarfélaginu til þess að bæta þessi atriði og leggur til að verkið verði unnið næsta sumar í tengslum við yfirlögn marlbiks á götuna.

10. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, bréf dags. 28. nóv. sl. varðandi stofnun sérstaks fasteignafélags.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 28. nóv. sl., varðandi stofnun fasteignafélags. Hreppsnefnd telur hugmyndir þær sem fram koma í erindinu allra athygli verðar og hvetur forsvarsmenn Lánasjóðsins til þess að skoða málin áfram.

11. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, lánsheimild

Lagt fram bréf sveitarstjóra frá 23. nóv. sl. til Lánasjóðs sveitarfélaga, varðandi lán úr sjóðnum.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn sjóðsins hefur samþykkt að veita Vopnafjarðarhreppi allt að 45 m.kr. lán til 15 ára. Í bréfi framkvæmdastjórans varðandi þessi mál kemur fram að sjóðurinn getur ekki lánað af svokölluðu sjálfsaflafé sjóðsins heldur af svokölluðu endurlánafé sjóðsins með nokkuð hærri vöxtum en eru af sjálfsaflafénu. Möguleikar eru á því að taka lánið í íslenskum krónum og einnig erlendri mynt. Ennfremur býður sjóðurinn upp á skammtímalán til þess að brúa tímabil þar til skilyrði á langtíamarkaði hafa lagast.

Sveitarstjóri lagði síðan fram svofellda tillögu: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá allt að 45 m.kr. láni frá Lánasjóði sveitarfélaga til samræmis við möguleika í bréfi framkvæmdastjóra sjóðsins. Lagt er til að lánið verði tekið í erlendri mynt, fjölmyntalán. Telji sveitarstjóri heppilegra að taka fyrst skammtímalán eins og sjóðurinn býður uppá er honum einnig heimilt að velja þann kostinn. Lánið er tryggt til samræmis við reglur Lánasjóðsins. Í þessu sambandi er sveitarsjóra heimilt að undirrita öll nauðsynleg skjöl varðandi lántöku þessa.” Nokkur umræða fór fram um málið, því fagnað að málin skulu vera skoðuð með þessum hætti, þ. e. samanburður skuli gerður á láni í innlendri mynt og nokkrum erlendum gjaldmiðlum.

Tillaga sveitarstjóra síðan samþykkt samhljóða.

12. mál Ýmis bréf og mál:

a) Bréf SSA dags. 10. des. sl., varðadi framlög aðildarfélaga árið 2008

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, að svo búnu þakkaði oddviti fundarsetuna og óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla - fundi slitið kl. 17.30